

Sjávarútvegur á Suðurlandi

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífsins á þremur stöðum á Suðurlandi, í Þorlákshöfn, á Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Hér er leitast við að gefa yfirsýn á umfang þessarar starfsemi með upplýsingum frá Fiskistofu, Hagstofu og Matvælastofnun.

Aflahlutdeild sunnlenskra útgerða hefur aukist verulega frá aldamótum

Tafla 1 Kvótaúthlutun til fiskiskipa eftir heimahöfnum

Heimahöfn/ár	Úthlutað - tonn	% af heild	Þorskíg. - tonn	% þig. heild
2000/2001	54.752	13,5%	48.211	13,8%
Eyrarbakki/Stokkseyri	2.116	0,5%	2.066	0,6%
Þorlákshöfn	13.950	3,4%	11.834	3,4%
Hornafjörður	11.003	2,7%	10.409	3,0%
Vestmannaeyjar	27.683	6,8%	23.902	6,8%
2005/2006	75.397	15,8%	57.985	15,4%
Eyrarbakki/Stokkseyri	3.642	0,8%	3.227	0,9%
Þorlákshöfn	15.249	3,2%	11.457	3,0%
Hornafjörður	14.835	3,1%	12.572	3,3%
Vestmannaeyjar	41.671	8,7%	30.728	8,2%
2010/2011	52.349	15,8%	48.381	15,7%
Eyrarbakki/Stokkseyri	2.596	0,8%	2.658	0,9%
Þorlákshöfn	4.933	1,5%	4.939	1,6%
Hornafjörður	10.414	3,1%	10.191	3,3%
Vestmannaeyjar	34.406	10,4%	30.595	9,9%
2014/2015	57.281	16,0%	58.225	16,1%
Eyrarbakki/Stokkseyri	2.258	0,6%	2.563	0,7%
Þorlákshöfn	5.579	1,6%	5.955	1,6%
Hornafjörður	13.636	3,8%	14.294	3,9%
Vestmannaeyjar	35.808	10,0%	35.413	9,8%

Eins og tafla 1 sýnir hefur hlutdeild útgerða skráða á Suðurlandshöfnum aukist í þorskígildum úr 13,8% árið 2000/2001, í 16,1% á núliðandi fiskveiðiári. Þetta er án loðnu-,


kolmunna- og makrílkvóta þessa fiskveiðiárs, en makrílkvótinn hefur aldrei verið meðtalinn í heildar-úthlutunartölum frá Fiskistofu, enda ekki kvótasettur fyrr en nú.

Hlutdeild útgerða í Vestmannaeyjum og á Höfn er því enn hærri en tafla 1. sýnir. Til að mynda er hlutdeild útgerða í Vestmannaeyjum af makrílkvótanum 23% og 26.5% í loðnu.

Aflamark útgerða þessara hafna í þorski árið 2014/15 er samtals 23 þúsund tonn – þar af eru Vestmannaeyjarhöfn með um 13 þúsund (57%) ,

Höfn um 7 þúsund (30%) og Þorlákshöfn um 2.3 þúsund tonn (7.7%).

Mynd 1 – Veiðiheimildir fiskveiðiárið 2014/15



Hlutdeild útgerða í Vestmannaeyjum í heildaraflaheimildum sunnlenskra heimahafna er afgerandi eins og mynd 1. sýnir glögglega.

Fiskiskipum með heimahöfn á Suðurlandi hefur fækkað um helming á 12 árum

Tafla 2 Skráð skip á hverja heimahöfn

Fjöldi skráðra fiskiskipa 31/12/Ár					
Heimahöfn/Ár	2002	2006	2010	2014	Breyting frá '02
Eyrarbakki	4	3	2	3	-1
Hornafjörður	52	40	32	27	-25
Stokkseyri	4	2	3	4	0
Vestmannaeyjar	89	66	58	46	-43
Þorlákshöfn	30	23	19	15	-15
Heildarfjöldi	179	134	114	95	-84

Tafla 2 sýnir fjölda skráðra fiskiskipa með heimahöfn á Suðurlandi á þessum tilteknu árum. Þau voru 95 í lok árs 2014. Hefur fækkað um 84 skip frá árinu 2002, eða um tæp 50% í hverri hinna þriggja stóru heimahafna. Þetta endurspeglar þá hagræðingu sem kvótakerfið hefur drifið.

Í heildina hefur skráðum fiskiskipum af öllum stærðum á landinu öllu fækkað um 250, úr 1.935 skip, í 1.685 skip.

(Leitað var eftir upplýsingum um fjölda lögskráðra sjómanna eftir sveitarfélögum. Skráning þeirra er nú orðin miðlæg á einum stað hjá Samgöngustofu. Þar voru þessar upplýsingar ekki tiltækar.)

Veiðigjöld sunnlenskra útgerða 6.7 milljarðar á þremur síðustu fiskveiðiárum.

Tafla 3 Veiðigjöld eftir heimahöfn

Veiðigjöld (Alm.+Sérstök-Lækkun) Milljónir kr.	2012/13	2013/14	2014/15
Eyrarbakki/Stokkseyri/ofl.	7	8	1,9
Höfn	681	566	419
Vestmannaeyjar	2.102	1.727	1.049
Þorlákshöfn	52	42	32
Samtals Suðurlandsútgerðir	2.842	2.342	1.501
Heimild: Fiskistofa.			

Tafla 3 sýnir veiðigjöld á veiðiheimildir útgerða á Suðurlandi fyrir síðustu þrjú fiskveiðiár, samtals 6.7 milljarðar króna. Árleg veiðigjöld hafa lækkað fyrir núliðandi fiskveiðiári um 1.3 milljarð frá fiskveiðiárinu 2012/13 og um 841 milljón frá fiskveiðiárinu 2012/14. Makrílgjaldið fyrir árið 2015 er ekki innifalið.

Sérstaða suðurlandshafna

Allur humar sem veiddur er við Ísland er veiddur af sunnlenskum útgerðum og unninn á Suðurlandi – gjörbylting frá því sem var

Hver höfn hefur sína sérstöðu en allar eiga þær eina sameiginlega, **humarkvótann**. Hann tilheyrir þessum höfnum nær eingöngu (92,3%), fer þar allur í vinnslu í þremur fiskvinnslum í Þorlákshöfn, tveimur í Vestmannaeyjum og einni á Höfn, eða samtals sex. Fyrir 25 árum var humarkvótinn dreifður á 19 heimahafnir, unninn á átta stöðum og í yfir 20 frystihúsum.

Árið 1992 var humarafli skráður á 63 skip en á þessu ári er áætlað að þau verði 12-14 skip, fer eftir árstíma og framvindu veiða. Frá árinu 1992 til ársins 2014, hefur meðalafli á hvert skip þrefaldast og aflaverðmætið áttfaldast, á sama tíma og heildarafli hefur minnkað um 12% og heildaraflaverðmætið tvöfaldast. Meðalheildarafli á þessum 23 árum er 1.810 tonn, lægstur árið 1995, 1.027 tonn og hæstur 2.540 tonn árið 2010. Meðalafli síðastliðin 10 ár er 2.083 tonn.

Veiðitímabilið á humri hefur verið lengt til samræmis við þarfir markaðarins og er nú um 6.5 mánuðir, var 3-4 mánuðir. Mjög mikil vöruþróun hefur átt sér stað á þessum árabili, sérstaklega hvað varðar

meðferð aflans um borð, sem hefur skilað sér í auknum gæðum fyrir alla virðiskeðjuna meðal annars í herra hlutfalli af heilum humri. Þessi þróun á veiðum og vinnslu humars hefur verið tekin fyrir í fræðigreinum á sviði auðlindahagfræði sem dæmi um vel heppnaðan árangur í fiskveiðistjórnun með samræmingu á veiðaálagi og veiðipoli, gæðastýringu, markaðstengingu veiða og vinnslu og sérhæfingu fyrirtækja.

Hagrænir þættir

SASS hefur leitast við að finna gagnlegar samanburðarhæfar vísbendingar um efnahagslega framþróun byggðasamfélaga. Það sem einna helst er aðgengilegt í þessum efnum eru reglulegar birtingar Hagstofunnar sölu allra fyrirtækja í viðkomandi sveitarfélagi sem þau gefa upp í reglulegum skilum á virðisaukaskatti en þar er skylt að birta alla sölu fyrirtækis hvort sem hún fellur undir útskattsveltuskyldu eða ekki, eins og til að mynda sölu til útflutnings. Og einnig eru handhægar til þessara mælinga reglulegar útgáfur upplýsingatöflur um útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga frá Fjársýslu ríkisins.

Tafla 4 Upplýsingar um alla sölu – virðisaukattskylda og ekki

Velta virðisaukattskyldrar starfsemi í sjávarútvegstengdum sveitarfélögum á Suðurlandi tiltekin ár - milljarðar króna á verðlagi hvers árs					
Sveitarfélag/Ár	2008	2010	2012	2014	Breyting 08-14 - ma.kr. -%
Sveitarf. Hornafjörður	13	26	56	42	29 217%
Sveitarfélagið Ölfus	9	11	13	14	5 51%
Vestmannaeyjar	34	48	62	51	17 51%
Samtals	56	86	131	107	51 91%

Tafla 4 sýnir hve sveiflukennt efnahagslíf þessara samfélaga er í raun. Gengi íslensku krónunnar, heimsmarkaðsverð á mörkuðum fiskafurða, aflamagn og aflategund hér heima og erlendis, hitastig sjávar, veðurlag til sjósóknar á stuttum vertíðum eru breytturnar sem ráða efnahagslegum gangi þessara samfélaga. Til að mynda getur vel heppnuð vetrarloðnuvertíð, sem stendur frá byrjun febrúar til um 20. mars, ráðið því hvort fyrirtækin ráðast í fjárfestingar. Sama gildir um

sjómenn og launþega. Og fjárhagur sveitarfélagsins sveiflast með. Eins og taflan sýnir eru gríðarlegar sveiflur í veltu milli þessara ára í Sveitarfélaginu Hornafjörður, tvöföldun milli áranna 2008 og 2010, aftur rúm tvöföldun milli áranna 2010 og 2012, síðan 25% samdráttur milli áranna 2012 og 2014. En á þessu tímabili verður meiri en tvöföldun veltuaukning í heild. Hér er ekki eingöngu um að ræða sjávarútvegstengda sveiflur, ferðaþjónustan kemur inn á þessum tímabili af meiri þunga en nokkru sinni fyrr með fjárfestingar og viðskipti. Og í Vestmannaeyjum eru sveiflur en ekki eins skarpar sem skýrist af því að þar eru fleiri sjávarútvegsfyrirtæki í hefðbundinni fiskvinnslu, fleiri íbúar og meira umfang í grunnþjónustu. Í Ölfusi er veltuvöxtur stöðugri. Þar er hefðbundin fiskvinnsla og útgerð í ákveðnum farvegi.

Tafla 5 Þróun útsvarsgreiðslna – verðlag hvers árs

Útsvar - greitt til sveitarfélags og Jöfnunarsj. - milljónir króna					
Sveitarfélag/Ár	2008	2010	2012	2014	Aukning
Sveitarfélagið Hornafj.	586	653	852	901	315 53,7%
Vestmannaeyjabær	1.231	1.535	2.011	1.907	676 54,9%
Sveitarfélagið Ölfus	544	581	686	753	209 38,5%
Samtals	6.831	7.379	8.980	9.805	2.975 43,5%
Heimild: Fjársýsla ríkisins					

Tölurnar í töflu 5. endurspeglar þróun launatekna í þessum sveitarfélögum. Á þessum sjö árum hafa þessar greiðslur hækkað um 43.5% og hlutfallslegar sveiflur milli áraþila í Sveitarfélaginu Hornafjörður frá 6-30 stig, í Vestmannaeyjum frá 4-17 stig og í Ölfusi 12-17 stig. Þetta er raunveruleikinn í útgerð og

fiskvinnslugreinum, sveiflubúskapur, sem hefur áhrif á allt nærsamfélagið, afkomu hins vinnandi manns, þjónustufyrirtækja og sveitarfélagsins.

Tafla 6 Íbúafjöldapróun og aldurssamsetning

Þróun íbúafjölda					Breyting á fjölda í hv. aldurshóp frá '98-2015			
Sveitarfélag/ár	1998	2010	2015	Breyting	<20 ára	20-39 ára	40-59 ára	>59 ára
Sveitarf. Hornafjörður	2.476	2.086	2.150	- 326	-282	-227	63	120
Sveitarfélagið Ölfus	1.526	1.952	1.885	359	-28	32	195	160
Vestmannaeyjar	4.628	4.135	4.272	- 356	-462	-290	46	350
Samtals	8.630	8.173	8.307	- 323	-772	-485	304	630
	Hlutfallsleg breyting í hverjum aldurshóp				-26,0%	-18,3%	15,4%	60,3%

Í heildina hefur íbúum þessara sveitarfélaga fækkað um 323 á þessu árabili. Samdráttur í íbúafjölda var mestur á árabilinu 1998 og 2010, eða 457 manns í heild þar af um 390 á Höfn, 493 í Vestmannaeyjum en, öfugt við þessi hin tvö, varð fjölgun í Ölfusi um 426. frá árinu 2010 hefur íbúum fjölgað bæði í Vestmannaeyjum og í Sveitarfélaginu Hornafirði, sem er öfugt við þróunina í Ölfusi.

Aldurshópasamsetning er þessum sveitarfélögum óhagstæð og áhyggjuefni. Ungu fólkinu og þeim á barneignaaðri fækkar, en þeim eldri fjölgar. Þetta hefur verið þróun um langan tíma á landsbyggðinni. Margt verið reynt til að sporna við henni, en lítið orðið ágengt.

Útgerðir í Þorlákshöfn eiga engan varanlegan uppsjávaraflakvóta í dag og hefur aldrei verið að neinu marki. Þar þróaðist hefðbundin bolfiskvertíðarútgerð, flatfisk- og humarveiði og í dag er þaðan einnig gert út á sæbjúgu yfir sumarmánuðina fyrir austan land með einum til tveimur skipum. Meitillinn h.f. var í upphafi burðarás í útgerð og fiskvinnslunni í Þorlákshöfn. Það fyrirtæki sameinaðist Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum upp úr aldamótunum og voru skip og kvóti seinna flutt alfarið þangað. Í Þorlákshöfn eru nú, samkvæmt Matvælastofnun, sex fiskvinnsluleyfishafar. Stærstir eru Auðbjörg, Frostfiskur (fiskvinnsla Meitilsins h.f.), Hafnarnes, Lýsi og Ramminn. Þar er einnig Fiskmarkaður eins og á Höfn og í Vestmannaeyjum. Lýsi h.f. er með lifrarbræðslu í Þorlákshöfn og fiskþurrkun, aðra af tveimur, hin er Fiskmark. Hlutur útgerða í Þorlákshöfn í heildaraflahlutdeild hefur lækkað úr 3,4% fyrir fiskveiðiárið 2000/2001, niður í 1,6% á núliðandi fiskveiðiári.

Við kvótasetningu á makríl nú í sumar 2015, fá útgerðir í Þorlákshöfn um 664 tonna makrílkvóta – 272 þorskígildi.

Nú eru uppi áform um verulegar og löngu tímabærar endurbætur á hafnar- og innsiglingaraðstæðum í Þorlákshöfn. Mikil uppsöfnuð viðhaldspörf viðlegukanta, dýpkun innan- og utanhafnar, aukið athafnarými innan hafnar og breyting á varnargörðum eru helstu verkefnin. Fjárveiting er nú þegar til staðar í áætlana-, hönnun- og líkangerð þessara framkvæmda.

Vestmannaeyjar – Uppsjávarfiskveiðar og -vinnsla er afgerandi þáttur í Vestmanneyjum, það er á loðnu, síld, kolmunna og makríl sem ráðstafað er til frystingar, söltunar og bræðslu. Vinnslustöðin h.f. og Ísfélagið h.f. eru þar langstærst og umsvifamest. Ísfélagið h.f. er eigandi Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. sem er skráð fyrir uppsjávarskipinu Júpiter ÞH og rekur á Þórshöfn frystihús og fiskimjölsverksmiðju.

Samkvæmt Matvælastofnun eru 8 virk fiskvinnsluleyfi í Vestmannaeyjum. Í bolfiskvinnslu eru Vinnslustöðin og Godthåb umsvifamest. Einnig eru þar þrjár framhaldsvinnslur, fiskrétta-verksmiðjan *Grímur kokkur*, fiskþurrkunin *Langa* og *Marhólmi* (í meirihlutaeigu Vinnslustöðvarinnar) sem sérhæft er í úrvinnslu á síld og hrognum. Þessar fisk- og framhaldsvinnslur skapa stöðugleika í atvinnuframboði til mótvægis við sveiflur í uppsjávarfiskveiðum.

Hefðbundin aflahlutdeild útgerða í Vestmannaeyjum hefur vaxið úr 6,8% fiskveiðiárið 2000/01, í 9,8% nú, og er þá ekki meðtalin loðnu-, kolmunna- og makrílkvóti þessa árs, eins og greint er frá að ofan. Þessa aukningu má meðal annars rekja til fjárfestinga í aflahlutdeild, sameiningar við útgerðir annarsstaðar frá og svo tilkomu norsk-íslensku-síldar- og kolmunnakvótans inni úthlutunina.

Eina vinnsluskipið á Suðurlandi samkvæmt Matvælastofnun er Huginn VE, í eigu Huginn ehf., sem heilfrystir síld, loðnu, kolmunna, makríl og loðnuhrogn. Vinnslustöðin h.f. á 48% hlut í því félagi.

Nú stefnir í kvótasetningu á makrílveiðum og samkvæmt því fyrirkomulagi sem lagt er upp með verður heildarhlutdeild **Vestmannaeyjaskipa um 40 þúsund tonn (um 16 þúsund þorskígildi)**, sem bætist þá við þeirra hlut í töflu 1. að ofan sem sýnir hlutdeild og aflaheimild hvernar hafnar.

Stöðugt er unnið að hafnarumbótum í Vestmannaeyjum og aðstöðuaðlögun að þörfum notenda. Stærri skip, aukin frystigeta og aukning í fólksflutningum eru helstu breyturnar sem aðlagast þarf.

Á Höfn í Hornafirði er eitt fyrirtæki afgerandi í útgerð og fiskvinnslu, Skinney-Þinganes h.f.. Það gerir út 7 veiðiskip. Landsvinnsla þess nær til frystingar á bolfiski, humar, síld og makríl, söltunar á bolfiski og fiskimjöls- og lýsisbræðslu. Aðeins ein önnur útgerð er þar með eitt skip sem ekki flokkast til smábáta og má segja að mikill samdráttur hafi orðið í útgerð á Höfn síðastliðin 15 til 20 ár, skipum þar fækkað um 25 frá árinu 2002. Skinney-Þinganes hefur yfir að ráða fjölbreyttu kvótasafni, humar, flatfisk og bolfisk og uppsjávartegundum og heldur því uppi nokkuð stöðugri fiskvinnslu allt árið um kring. Einnig eru á Höfn, samkvæmt Matvælastofnun, niðurlagningaverksmiðja fyrir lifur, Ajtel Iceland ehf. og Mat Húsið ehf..

Eins og í öðrum höfnum er hafnarsjóður stöðugt að vinna að endurbótum innan hafnar og aðlaga aðstöðuna að þörfum notenda. Innsiglingin hefur verið til verulegra vandræða í vetur fyrir uppsjávarfiskiskipin og verið að leita leiða til að bæta úr því.

Við kvótasetningu á makríl fá útgerðir á Höfn um 8 þúsund tonn í makrílkvóta – sem er þrjú þúsund þorskígildi, sem, bætist við aflahlutdeild og aflaheimild þessa almanaksárs þó veiðitímabilið fari inni næsta fiskveiðiár.

Samanteknar veiðiheimildir útgerða á Höfn og í Vestmannaeyjum/Þórshöfn í makríl eru rúm 58 þúsund tonn, áætlað aflaverðmæti um 2-2.5 milljarður króna og útflutningsverðmæti, FOB, um 4.5 milljarður króna.